



UPP Í SVEIT 14.-17. júní 2019 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi



Undanfarin ár hefur **Uppsprettan** verið haldin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í kringum 17. júní. Sú hátíð hefur á margan hátt verið vel heppnuð og er það mál núverandi menningar- og æskulýðsnefndar að reyna að halda þeim kyndli áfram á lofti, með nokkrum áherslubreytingum. Upp í sveit er sveitahátíð íbúa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og ættingja þeir-

ra, þar sem áhersla er lögð á að öll sveitin taki þátt í leikjum og afþreyingu af ýmsum toga s.s. brennu og brekkusöng, ratleik sem allir geta tekið þátt í, tónleikum, gönguferð, markaði, brokk og skokk, morgunverði, hádegisverði, fjöri í skóginum uppi í sveit og svo mætti lengi telja. Tökum höndum saman og skreytum sveitina í fallegum og sumarlegum litum og setjum alla sveitina á hreyfingu. Þar komið þið, kærur sveit-

ungar, sterkir inn. Upp í sveit" er bæði á Facebook og á Instagram

#uppisveit

Til að svona hátíð heppnist vel og allir gangi sáttir frá borði, ríður á að þið, kærur sveitungar, takið þátt og sýnið þannig fram á að sveitahátíð í þessari sveit, er komin til að vera.

*Menningar- og æskulýðsnefnd
Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

Slow Train með tónleika í Hestakránni

Hin magnaða hljómsveit Slow Train heldur tónleika á Hestakránni laugardagskvöldið 15. júní kl 22:00.

Slow Train markar sér þá sérstöðu að spila lög Nóbelskáldsins Bob Dylan og gera þau að sínum. Bandið hefur starfað í mörg ár og haldið fjölda tónleika. Meðal annars hefur hljómsveitin tekið þátt í heiðurstónleikunum „Bob Dylan sjötugur“ í Hörpunni.

Hljómsveitarmeðlimir ýmist búa eða eiga rætur sínar í þessari sveit en þeir eru: Jóhannes Hlynur Sigurðsson, Hrafnkell Ásólfur Proppé, Kolbeinn Proppé frá Ásólfstöðum, Gunnar Jónsson frá Skeiðholti og Hreinn Óskarsson frá Selfossi (Skógræktin Þjórsárdal).

Það er hljómsveitinni bæði ljúft og skylt að taka þátt í sveitahátíðinni



slow Train



Upp í sveit og vonast hún til að sjá ef ekki alla, þá flesta. Miðaverð er kr. 1.000.- og Hesta-

kráin býður upp á 2 fyrir 1 á meðan á tónleikunum stendur.

Tökum að okkur alla almenna smíðavinnu




SELÁSBYGGINGAR ehf
Reisum með reisu Sími: 894-4142

**FJARSKIPTAFÉLAG
SKEIÐA- & GNÚPVERJAHREPPS**

ljós@skeidgnup.is
Sigvaldi K. Jónsson: 863-4111
Jón Hákonarson: 669-0095

**HUNDAFANGARI
RAGNAR SIGURJÓNSSON**



859-9559

Minningarkort Stóra Núpskirkju
fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur: 486-6017

Minningarkort Ólafsvallakirkju
fást hjá
Guðjóni Vigfússyni: 896-5736

Fögrusteinar

Siggi: 894-1130

fogrusteinar@fogrusteinar.is

We serve what we grow



booking@farmersbistro.is - S. 519-0808
www.farmersbistro.is



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

432-2770

Opið virka daga kl. 8-16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9

í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta

Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðu-
maður ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í
Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112

NESLAUG

Sími: 486-6117



Sumaropnun 1/6-31/8

Mánudaga: LOKAÐ
Þriðjudaga: 14-22
Miðvikudaga: 14-22
Fimmtudaga: 14-22
Föstudaga: 14-18
Laugardaga: 10-18
Sunnudaga: 10-18



SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500



Sumaropnun 15/6-18/8

Mánudaga: 18-22
Þriðjudaga: LOKAÐ
Miðvikudaga: 18-22
Fimmtudaga: 18-22
Föstudaga: 18-22
Laugardaga: 11-18
Sunnudaga: 11-16

Umsjónarmaður: Eyþór Brynjólfsson s: 897-1112 eythorb@gmail.com

Fundur um friðlýsingu í Þjórsárdal í Árnesi 20. júní

Kynningarfundur um fyrirhugaða friðlýsingu í
Þjórsárdal verður haldinn í
Árnesi 20 júní nk. kl. 20:00

Hildur Vésteinsdóttir teymisstjóri friðlýsingamála hjá
Umhverfisstofnun mun kynna verkefnið

Farið verður yfir ferli málsins, mörk friðlýsingarinnar o.fl.

Umhverfisstofnun og Sveitarstjórn

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps Árnesi 801 Selfoss

Opnunartími: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15 og föstudaga: 9-12

Sími: 486-6100, netfang: skeidgnup@skeidgnup.is

Sveitarstjóri:

Kristófer A. Tómasson
486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

Oddviti: Viðtalstími miðvikudaga kl 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason
895-8432 oddviti@skeidgnup.is

Bókhalds- og launafulltrúi: Þuríður Jónsdóttir

486-6104 dudda@skeidgnup.is

Ritari & vefumsjón: (í veikindaleyfi til 1. ágúst nk.)

Kristjana H. Gestsdóttir, 486-6105 kidda@skeidgnup.is

Áhaldahús/Þjónustustöð

Ari Einarsson
893-4426 ari@skeidgnup.is
Bjarni Jónsson
892-1250 bjarni@skeidgnup.is

Leikskólinn Leikholt

486-5586, leikholt@leikholt.is
Leikskólustjóri: Elín Anna Lárusdóttir 895-2995

Þjórsárskóli

Sími 486-6000
Skólustjóri: Bolette Høeg Koch
486-6051 & 895-9660 bolette@thjorsarskoli.is



Sumarið er aldeilis búið að stimpla sig inn þetta árið og einsog buddi segir í GCD "sumarið er tíminn" þannig ég vill deila með ykkur sem er ekki á bakvið eldavélina heldur úti í sólinni, grillið, enda það er fátt betra en að grilla á sólríkum sumardeg.

Því ætla ég að deila með ykkur einni af mínum uppáhalds hamborgara uppskrift, enda er góður hamborgari algjört uppáhald hjá mér.

Byrjum á því að hita grillið, ekki verra ef grillvökvinn sé nálægt!

Hamborgarar frá Óla Frey

600-800 gr. hakk
1/2 bolli bjór
1/3+ bolli snakk Doritos (má vera hvaða snakk sem er)
3msk. rauðlaukur, saxaður
2msk. pickles (má sleppa)
2msk. salsasósa
2tsk. cayenna pipar
1/2tsk. salt

Setur hakkið í skál og bætir svo öllu í nema snakkinu, blandar létt saman og svo bætiru mulnu snakkinu við, stundum þarf að bæta aðeins meira við af snakki, betra ef það er vel mulið. Ekki nota rasp, en kex er í lagi ef snakkið er ekki til.

Það verður að nota hendurnar til að hnoða þessu saman en passa verður að hnoða ekki of

mikið. Að lokum er mótaðir um 150 gr. til 230 gr. hamborgarar með höndum, gott er að gera smá hulu í miðjuna. Gott er að búa hamborgarana til degi áður eða snemma dags og kæla, þannig halda þeir sér betur saman þegar þeir fara á grillið.

Sósa til að pensla með við steikingu

1ds. sýróp
2msk. rauðlaukur, saxaður
2msk. chile sósa
2tsk. salt
1/4 tsk. chipotle paste
1/2 tsk. sinnep (t.d. Dijon)
1/8tsk. pipar

Öllu blandað saman í skál og hrært saman.

Áður en er farið út að grilla þarf að hafa allt klárt sem á að fara á grillið. Hamborgarar á bakka, ostur, sósa, brauð o.fl.

Þá er þessir gómsætu hamborgarar komnir á grillið, penslið þá með sósunni og lokið grillinu, grillið þarf að vera heitt og þá karmelast sósan á hamborgaranum, snúið þeim einungis einu sinni, og penslið aftur og loka grillinu, síðan er ostinum bætt á.

Brauðin létt grilluð, gott að pensla með olíu og smjöri inná brauðið.

Takið hamborgarana af þegar þeir hafa náð um 60-65°C í hita (medium rare-medium) og hvíla þá í nokkrar mínútur.

Svo er bara að púsla þessu saman eins ykkur þykir gott.

Ég þakka fyrir mig og vonandi getið notið þessarar gómsætu hamborgara.

Ég skora á
Daniel Larsen, Brjánsstöðum

Kveðja, Ólafur Freyr Ólafsson



Fréttir frá Þjórarskóla

Nýsköpun – Markaðsdagur

Hluti nýsköpunar kennslunnar hjá 5.-7. bekk í vetur var að hanna vörur og markaðsetja þær. Nemendur stofnuðu fyrirtæki, gáfu því nafn og fundu síðan út hvaða vörur væri sniðugt að framleiða. Þeir þurftu að reikna út kostnaðinn af framleiðslu vörunnar og ákveða í framhaldi af því verðið á henni. Fimmtudagur 9. maí var síðan markaðsdagur og aðstandendum boðið. Þar kynntu nemendur fyrirtækin sín og verkefni og opnuðu í framhaldi af því sölu-bása. Að lokum var gestum boðið upp á kaffi og með því.

Sundmót skólans

Sundmót Þjórarskóla var haldið í þann 14. maí í Skeiðalag. Keppendur stóðu sig vel og var mjög jafnt á milli nemenda. Vesteinn varð fyrstur í drengjaflokki, Magnús Arngrímur annar og Eyþór Ingi þriðji. Í stúlkna-flokki var það Þórhildur sem sigraði, Þórkatla varð í öðru sæti og Svana Hlín í þriðja. Nemendur fengu verðlaunapening að móti loknu en farandbikar var afhentur á skólaslitum.

Endað var á sprelli og fatasundi miðstigs en allir nemendur fóru ofan í laug og tóku þau nokkra kennara með sér.



Vorferð í skóginn

Þann 22. maí fórum við inn í skóginn okkar. Markmiðin með þessari ferð voru að nemendur :

-Geri sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar í daglegu lífi og taki þátt í skólahlaupi.

-Nýti náttúruna til afþreyingar.

-Komi með réttan útbúnað og viðeigandi klæðnað.

Nemendur byrjuðu á því að taka þátt í skólahlaupinu og hlupu mislangar vegalengdir eftir aldri. Eftir hlaupið fengu allir að sullu í Sandá í góða veðrinu.



Vordagar

Mikið er um uppbrot á hefðbundinni kennslu síðustu skóladagana. Má þar nefna vorferðir nemenda. Yngri nemendur fóru í fjallgöngu við Laugarvatn og skoðuðu Stóra Gilshelli, Efsta-Dal og Hrunamannahrepp. Eldri nemendur fóru til Vestmannaeyja, í Eldheima, skoðuðu Flakkarann og Stórhöfða. Þá var farið að spranga og að lokum í sund.



Síðasta skóladaginn var síðan unnið að því að bæta umhverfið í kringum skólann. Sopað, hreinsað til, borið á tré og plantað. Eftir hádegi fóru nemendur í 1.-4. bekk gangandi í fjárhúsið til Árdísar og fengu að skoða og halda á lömbum. Eldri nemendur fóru á Skaftholtsfjall að yfirfara Vistheimt verkefnið sitt.



Skólaslit

Föstudaginn 31. maí voru skólaslit í Þjórarskóla. Þá var sýning á verkum nemenda í Árnesi, afhentur var vitnisburður, sundbikarar og að auki verðlaun fyrir háttvísi - góða félagslega færni. Þá voru 6 nemendur í 7. bekk kvaddir sem halda nú áfram skólagöngu sinni í Flúðaskóla.

Nú fórum við út í sumarið með sól í hjarta. Hafði það gott í sumar.

Skólasetning verður síðan miðvikudaginn 21. ágúst.



Leikskólinn Leikholt

Við í Leikholti höfum haft það mjög gott núna í vor. Við erum búin að aðlaga þrjá nýja nemendur á yngri deildina Heklu, allt börn sem hafa náð eins árs aldri og nú eru börnin í Leikholti 31.



Þann 6. maí síðastliðinn kom hún Sigríður Þorsteinsdóttir frá ART teyminu og afhenti okkur viðurkenningarskjal til staðfestingar á því að við höfum endurnýjað ART vottun okkar. Viðurkenninguna fengum við í kjölfar þess Sigríður til okkar í apríl og heimsótti ART tíma hjá elstu tveimur árgöngunum. Hún fylgdist með tíma hjá okkur og börnin sögðu henni hvað þau höfðu verið að læra. Á hverju hausti fara elstu tveir árgangarnir í þrjá ART tíma á viku í 12 vikur fram að jólum. Eftir áramót fara þau í ART tíma einu sinni í viku eða eftir þörfum. Í Leikholti eru við með 6 ART þjálfara ásamt því að allir starfsmenn fá kynningu á hvað ART stendur fyrir. Á myndinni getið þið séð ART hópinn halda á viðurkenningunni, þau eiga hrósið skilið fyrir að vera dugleg í ART tímum! Leikholt hefur nú ART vottun í þrjú ár í viðbót.



Þann 4. Júní kom Anna Gína frá Landvernd og afhenti okkur Grænfánann í fjórða sinn. Við fáum alþjóðlega viðurkenningu Skóla á grænni grein fyrir góða frammistöðu í menntun til sjálfbærrar þróunar og fyrir að leggja okkar af mörkum til þess að efla og bæta umhverfismál innan skólans og í nærsamfélaginu.

Börnin í umhverfisnefndinni tóku við fánanum og viðurkenningunni á Vorhátíð okkar þann 4. Júní og er hér mynd af þeim ásamt Önnu Gínu frá Landvernd, Sirrý verkefnastjóra Grænfána verkefnis okkar og Elínu Önnu leikskólastjóra. Við erum mjög ánægð með að hafa endurnýjað Grænfánann okkar og hlökkum til áframhaldandi starfs að hugsa vel um umhverfið okkar.



Á vorhátíðinni útskrifuðust þrjú börn fædd árið 2013 sem fara í Þjórarskóla í haust. Hér er mynd af þeim þrem Anítu Mist Birgisdóttur, Irmu Ósk Guðmundsdóttur Díaz og Gunnlaugi Ernst Hákonarsyni ásamt Hauki Vatnari Viðarssyni deildarstjóra þeirra, Kristínu Gísladóttur kennara sem tekur á móti þeim í 1. Bekk og Elínu Önnu Lárusdóttur leikskólastjóra.



Ásamt Grænfánaafhendingu og útskrift var mikið um að vera á Vorhátíð Leikhólts. Foreldrafélagið Leiksteinn fékk töframanninn John Tómasson til að koma og skemmta, börnin fengu að fara á hestabak, klappa hvolpum og lambi, blása sápukúlur, kríta og síðast en ekki síst að hjóla í Hjólabraut sem leikskólakennarar settu upp á bílastæðinu. Við þökkum öllum kærlega fyrir komuna á Vorhátíð, þökkum foreldrafélaginu fyrir hjálpinu og þeirra framlag að gera þessa hátíð svona skemmtilega og þökkum Anítu Mist, Irmu Ósk og Gunnlaugi Ernst fyrir samveruna í leikskólanum Leikholti.

Sumarkveður frá öllum í Leikholti

Molar úr fundargerðum 21 (15. maí) og 22 (5. júní)

Fundargerð 21

• Lagt fram erindi frá Selás- byggingum ehf. Undirritað af Hákonni Páli Gunnlaugssyni. Félagið óskar eftir byggingalóðum undir íbúðarhúsi við Vallarbraut 2-4 í Brautarholts-hverfi og Heiðargerði 1 í Árneshverfi. Vallarbraut 2-4 þarfnast nánari skoðunar við út frá skipulagsmálum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að úthluta Selás- byggingum ehf lóð við Heiðargerði 1 og felur sveitarstjóra að semja lóðarleigusamning um lóðina.

• Lagt fram erindi frá Irmu Días Crus og Guðmundi Árnasyni. Þau óska eftir leigulóð undir íbúðarhúsi og smábýli við Flatir. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við umsækjendur um þá kosti sem verða í boði innan tíðar.

• Dagmar Trodler hefur lagt fram stjórnsýslukæru varðandi ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki sé þörf á umhverfismati vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vegum Rauðakambs í Reykholti í Þjórsárdal. Afrit af kærunni var lagt fram. Oddviti lagði fram svohljóðandi bókun: Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps harmar tilhæfufalausa kæru til Úrskurðarnefndar Umhverfismála vegna ákvörðunarinnar um að framkvæmd Rauðakambs fari ekki í umhverfismat. Kæran byggist á misskilningi að okkar mati. Sveitarstjórn telur jafnframt að kærandi sé ekki hagsmunaaðili í skilningi laga og bendir á að engin umhverfissamtök hafi kært málið. Einar Bjarnason og Anna Kr Ásmundsdóttir tóku undir bókunina. Anna Sigríður og Ingvar sátu hjá.

• Lagt var fram erindi undirritað af Láru B. Jónsdóttur, Guðfinnu Ósk Magnúsdóttur og Ágústi Guðmundssyni sem skipa stjórn Ungmennafélags Skeiðamanna. Í erindinu er farið þess á leit að sveitarfélagið standi fyrir uppbyggingu á sparkvelli í Brautarholti. Vísað er til þess að mikilvægt sé að ungmenni hafi aðstöðu til íþróttaiðkunar í sínu nærumhverfi. Ungmennafélagið lýsir sig tilbúið að leggja fjármagn í verkefnið. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að kanna hvaða útfærslur henti best við verkefnið, sem og kostnað og fjármögnunarleiðir.

• Lagt fram bréf frá starfsmönnum Leikskólans Leikholts. Undirritað af Helgu Kolbeinsdóttur, Hauki Viðarssyni og Sigurlaugu Reimarsdóttur. Í bréfinu er þess óskað að starfsmenn fái ákveðinn fjölda hreyfi-

stunda innan vinnutíma. Auk þess er óskað að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði varðandi notkun síma í eigu starfsmanna vegna notkunar í þágu vinnustaðarins. Loks er þess óskað að starfsmönnum sveitarfélagsins verði veittur afsláttur á útleigu á samkomusölum í eigu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn þakkar framlögð erindi og felur sveitarstjóra að skoða betur möguleika í umræddum málum.

• Umsókn um styrk úr Atvinnuuppbyggingarsjóði Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Lögð fram umsókn frá Haraldi Jónssyni og Helgu Úlfarsdóttur búsett á Hraunvöllum. Auk þess lögðu umsækjendur fram framvinduskýrslu um verkefnið. Það varðar ferðapjónustu á bænum Hraunvöllum. Eigið fé sjóðsins við úthlutun er 7.570.000 kr. Samkvæmt reglum sjóðsins skal úthlutun nema að hámarki 20 % af eignum sjóðsins á hverjum tíma sem úthlutun fer fram. Samkvæmt því er heimilt að veita 1.514.000 kr úr sjóðnum til ofangreinds verkefnis. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita úr sjóðnum 1.514.000 kr til verkefnisins. Sveitarstjóra falið að ganga frá greiðslu.

• Áhræun Skipulagsmál. Rúnar Guðmundsson Skipulagsfulltrúi mætti til fundar undir þessum lið. Lögð fram skipulagslýsing að Áhræunni, lóð 3. Unnin af Ásgeiri Jónssyni hjá Eflu. Nýlega hafa erlendir aðilar fest kaup á Áhræunni, lóð 3. Þeir hyggjast hefja þar uppbyggingu. Um er að ræða flóðasvæði án vegtengingar. Það skapar flóknar aðstæður. Sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa falið að ræða við lögmann og hagsmunaaðila um þær aðstæður sem liggja fyrir og leita lausna.

• Sveitarstjóri greindi frá því samtölum sem hann hefur átt við starfandi skólabílstjóra í sveitarfélaginu. Allir bílstjórnarnir utan einn hafa lýst yfir áhuga á að annast áfram akstur á þeim leiðum sem þeir aka. Bjarni Ófeigur Valdimarsson óskar ekki eftir áframhaldandi samningi um akstur. Sveitarstjórn samþykkir að bjóða þeim bílstjórum sem vilja halda áfram. Samning til næstu tveggja skólaára eða til vors 2021.

Jafnframt er samþykkt að auglýsa eftir aðila til að taka að sér akstur á þeirri leið sem Bjarni Ófeigur hefur ekið.

Sveitarstjóra falið að semja drög að samningum um skólaakstur til skólaáranna 2019-2020 og 2020-2021. Jafnframt er sveitarstjóra falið

að auglýsa eftir aðila til að taka að sér skólaakstur á þeirri leið sem Bjarni Ófeigur hefur ekið.



Fundargerð 22

• Bergrún Björnsdóttir framkvæmdastjóri íslenskra heilsulinda og Magnús Orri Schram frá Rauðakambi ehf mættu til fundar og greindu frá undirbúningi uppbyggingar baðlóns við Reykholt í Þjórsárdal. Verði ekki tafir á tímalínu verkefnisins vegna samningsmála eða kærur gera áætlanir ráð fyrir því að hefja framkvæmdir vorið 2020 og opna baðstað og veitingapjónustu í Reykholti árið 2022.

Auk þess greindu þau frá áformum um uppbyggingu í Hólaskógi. Gert er ráð fyrir því að „hostel“ verði rekið í Hólaskógi 2019 og 2020 en fjölbreyttari gistimöguleikar og veitingapjónusta verði í boði frá og með 2021.

• Sveitarstjóri lagði fram sjóðstreymisáætlun fyrir rekstur sveitarfélagsins fyrir júní til september 2019. Einnig lagði hann fram yfirlit yfir rekstur málaflokka janúar til apríl 2019 með samanburð við fjárhagsáætlun. Rekstur er undir væntingum. Einkum vegna lækkunar á tekjum frá Fjárslu ríkisins og aukins sameiginlegs kostnaðar.

Lagður fram viðauki við fjárfestingaáætlun þar sem gert er ráð fyrir 25 mkr framlagi á árinu 2019 til kaupa á íbúð í Brautarholti. Mætt með lántöku. Viðauki samþykktur samhljóða.

Samkvæmt sjóðstreymisáætlun er útlit fyrir mikla fjárþörf vegna fjárfestinga á tímabilinu júní til september 2019. Innan tímabils geta komið stutt tímabil þar sem þörf getur orðið fyrir allt að 50.000.000 kr yfirdrátt. Sveitarstjóri óskar eftir heimild til töku yfirdráttarheimildar sem þeirri fjárhæð nemur ef þörf gerist á áður greindu tímabili. Frá 5. júní til 30. september. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita sveitarstjóra heimild til töku yfirdráttarláns allt að 50.000.000 kr. á umræddu tímabili.

• Lögð fram umsókn frá félaginu Bilun ehf 580610-0560 um iðnaðarlóð nr 224437 við Tvisteina-

braut. Umsókn send af Þórði Guðna Ingvasyni fyrir hönd félagsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að ræða við fulltrúa umsækjanda um úthlutun lóðarinnar.

• Á Skeiða og Gnúpverjahreppum að verða heilsuefandi samfélag. Lögð fram gögn til kynningar á heilsuefandi samfélagi. Heilsuefandi samfélag er heildræn nálgun. Embætti landlæknis vinnur að því í samstarfi við sveitarfélagið, opinberar stofnanir og frjáls félagsamtök. Markmið með verkefnum er að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir að fá Gunnar Gunnarsson heilsufræðing á næsta sveitarstjórnarfund með kynningu á heilsuefandi samfélagi.

• Sveitarstjóri lagði fram drög að samningum við verktaka um skólaakstur í sveitarfélaginu skólaárin 2019-2020 og 2020-2021. Samningsdrög samþykkt samhljóða. Skólastjóra og sveitarstjóra falið að undirrita samningana fyrir hönd sveitarfélagsins.

Auglýst var eftir verktaka á einni af akstursleiðunum. Tvær umsóknir bárust. Skólastjóra og sveitarstjóra falið að ræða við umsækjendur og koma með tillögum um val á verktaka á næsta fundi sveitarstjórnar.

Allar fundargerðir má finna á www.skeidgnup.is



Ábyrgðarmaður:
Kristófer A. Tómasson
Umsjón og umbrot:
RS-útgáfan/Stefán Þorleifsson
Heimasíða: www.skeidgnup.is
Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Bláðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.
Upplag: 360 eintök.

Skilafrestur í næsta blað er:
fimmtudaginn 5. sept.
Útgáfudagur er viku síðar.

frettabref@skeidgnup.is

Njótið sumarsins



Sumarið heilsaði okkur þetta árið með óvenju miklum hlýindum. Það hljóta allir að fagna því. Mér finnst þurrkurinn reyndar fullmikill þessa dagana. Ekki held ég að það séu dæmi þess í manna minnum að sláttur hafi byrjað fyrir mánaðamótin maí-júní.

Það hentar vel á fá þessa úrvals-tíð til framkvæmda. En fyrir nokkru var haldið áfram þar sem frá var horfið síðastliðið haust við gatnagerðarverkefnið í þéttbýliskjörnunum. Það hyllir undir að því ljúki. Lagt verður malbik fljótlega á Bugðugerði í Árneshverfinu. Auk þess verður lokið við malbikun gangstétta. Þetta verkefni í heild sinni mun bæta ásýnd hverfanna. Ófögnuður eins og malarryk mun verða að mestu úr sögunni. Senn verða íbúðir við Bugðugerði 3 tilbúnar og fljótlega munu framkvæmdir við þriggja íbúða raðhús við Bugðugerði 9 hefjast. Þegar hefur verið grafið fyrir parhúsi við Holta-braut 18-20. Það er því óhætt að segja að útlit sé fyrir að framboð af íbúðarhúsnæði muni vaxa á næstunni. Ekki veitir af, mjög hefur verið sótt í það húsnæði sem losnað hefur á síðustu misserum. Allt hefur selst sem boðið hefur verið til sölu og eftirspurn eftir leiguhúsnæði er mun meiri en framboð í þeim efnum.. Ég lít svo á að þetta sé tvímælalaus staðfesting á því

að fólki þyki eftirsóknarvert að búa í okkar samfélagi. Því ber að fagna.

Sumarhátíðin í Skeiða- og Gnúpverjahreppi þetta árið mun bera heitið „Upp í sveit“ og verður haldin 14.-17. júní. Menningarnefndin er að standa myndarlega að henni, margt verður í boði. Ég hvet alla íbúa til að taka þátt í henni. Hreinsunarátakið okkar sem við köllum „Fint upp í sveit“ hefur fengið góð viðbrögð af hálfu íbúa. Það kann ég vel að meta. Með áttakinu er lögð áhersla á að gera byggðina okkar enn fegurri Umgengni er reyndar til fyrirmyndar á flestum stöðum. Eitt af viðfangsefnum á mínu borði þessa daga er friðlýsing hluta Þjórsárdalsins. Það hefur tekið lengri tíma en vænta mátti. En líklega verður hún orðin að veruleika síðla sumars. Íbúafundur af því tilefni verður haldinn innan skamms

Ástand vega hér í sveitarfélaginu hefur reynt á þolrif margra að undanfögnu. Við vonumst eftir úrbótum í þeim efnum á næstunni. Skömmu áður en þetta fréttabréf fer út er haldinn opinn fundur um vegamál í Árnesi. Það er von mín að sá fundur skili árangri. Vegurinn að heima og heim er eitt af því sem skiptir mjög miklu hjá okkur öllum. Grundvallarmannréttindi eru að vegirnir okkar séu ásætlanlegir.

Kæru sveitungar, um leið og ég þakka ykkur fyrir veturinn óska ég þess að þið njótið sumarsins sem allra best.

Kristófer sveitarstjóri.

Gámasvæðin



Opnunartími:

Við Árnes:
Þriðjudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:
Miðvikudaga kl. 14-16
Laugardaga kl. 13-15

Fata- & dýragámar eru opnir allan sólarhringinn

Tekið er við garðaúrgangi úr jurtaríkinu í Skafttholti alla daga (Til vinstri á heimreið)

Áburðarpokar eru tveggja laga og ytra byrðið er endurvinnanlegt en innra byrðið fer í almennt sorp.

Ekki er tekið við þessari vöru óflokkaðri.

Gjaldskyldur úrgangur: Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gífs og gífsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur: Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð/tímarit/pappír. Fernur. Flokkaðir málmar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Bjarni Jónsson GSM: 892-1250
Netfang: bjarni@skeidgnup.is

Styrktaraðilar Firmakeppni Smára 2019

SMÁRI



Við þökkum öllum þeim sem keyptu firma fyrir stuðninginn.

Kær kveðja frá stjórn Smára

Akrílmálun ehf
Auðsholtbúið
Glæsineglur Kristínar
Álftröð gistiheimili
Ásaraf
Ásófsstaðir hollyday home
Baldvin og Þorvaldur ehf
Thelma og Sigrún Kálfhóli
Bjarni og Lára Blesastöðum 2A
Varmalækur
Bolette Hæli
Bólfélagar
Vallarfoss ehf
Vélaverkstæði Einars
Vörðufell ehf
ÞH Hestar ehf
Þrændarholt sf
Þverspyrna
Verslunin Árborg
Þrændarholt sf
Þverspyrna
Ferðaþjónustan Steinsholti
Félagsheimilið Flúðum
Flúðajörfi
Flúðasveppir
Secret local adventures
Folaldafóðrunin Hrafnkelsstöðum
Fossi ehf
Fannborg,Hálendismiðst. Kerlingarfj
Fögrusteinar
Garðyrkjustöðin Hvammur II
Gröfutaekni
Farmers Bistro
Riding tours Iceland
Halla og Bikki Hæli
Hús og stigar
Hænsnahöllin Húsatóftum
Tómas Þórir Jónsson
Hlemmiskeið 2 ehf
Hrossaræktarabúið Efri Brúnavöllum 1
Hófadynur ehf-Daníel Larsen
Hrafnhildur og Oddur Stöðulfelli
Verslunin Árborg
Hrepphólabúið
Hrossaræktarabúið Hlemmiskeiði 3
Hrossaræktarabúið Kálfhóli 2
Hrossaræktarabúið Miðfelli 5
Hrossaræktarabúið Vorsabæ 2

Famers Bistro
Hrunamannahreppur
Hrúastían Ósabakka
Hvítardalur Jón Bjarnason
Hulda og Dóri, Hrepphólum
Hialín silkipient vinnustofa
Túnsbergsbúið
Hrossaræktin Hvammi 1
Högnastaðabúið
Ingvar og Svala Fjalli
Íslenskt grænmeti
Íþróttahúsið Flúðum
Jörðin Jaðar 2
Urðarholt hrossarækt
Jón og Þorgeir Efri Brúnavöllum
Kílhraun.is
Kjöt frá Koti
Korngrís frá Laxárdal
Kópvatnsbúið
Magnús Viðir Guðmundsson
Kúabúið Kotlaugum
Verslunin Árborg
Land og hestar
Svína og fjárbúið Haga 2
Landstólpi ehf
Reiðskólinn Vestra-Geldingaholti
Maggá og Palli, Núpstúni
Vesturkot
Miðfellshestar, Adda og Einar Logi
Neslaug
Nagðýraræktun Svönu og Friðu
Hugur og list
Ólafsvellir ehf
Pizzavagninn
Syðra Langholt 6
Stefán Hrepphólum
Reykir
Rósa Birna Þorvaldsdóttir
Sauðakofinn Fossnesi
Sauðfjarræktarabúið Syðra-Langholti
Selásbyggingar ehf
Rekhóll ehf
Steinsholtsbúið Gunnar
Sigurður Kárasen Öxl
Strá ehf
Skarðsbúið
Skeiðháholt 3 ehf
Björgvin Ólafsson Bala

Til sölu

Þessi flotti bíl er til sölu.
Árgerðin er 2008.

Frekari upplýsingar í síma 8936031.



UPP Í SVEIT

14.-17. júní 2019 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Föstudagur 14. júní



Staður: Gunnbjarnarholt

- 19.00 Nýja fjósið í Gunnbjarnarholti til sýnis
20.00 Lionsmenn í Dynk grilla pylsur handa öllum.
21.00 Brenna og brekkusöngur sem **Hjalli** hinn eini og sanni, stýrir.
22.00 Hjalli heldur áfram fjörinu í Hestakránni.



Ratleikurinn upp í sveit og út um allt
Ég er á netinu og auðvelt að sækja mig.

Ég byrja kl. 09.00 - og er virkur frá 15.-16. júní

Ég verð um alla sveit en sérstaklega þar sem eitthvað er um að vera og á þeim stöðum sem auglýst dagskrá er.

Sæktu **Turf Hunt** appið:
Er bæði í iTunes App store & Google Play store.

Sjáðu bara hér hvað þetta er auðvelt:
<https://locatify.com/blog/faq-items/turf-hunt/>

Meira að segja amma getur þetta!
Allir með, góða skemmtun!

Laugardagur 15. júní

Staður: Brautarholt, Árnes og upp og út um alla sveit (ratleikur)

- 09.00 Ratleikur. Sæktu appið **Turf Hunt**
09.00–11.30 **Sundspretturinn upp í sveit** í Skeiðalaug, 200m sprettur, viðurkenning. Einnig sýning á myndum frá Skeiðalaug í byggingu 1975.
10.00 **Kvennahlaup ÍSÍ Árnesi**
11.30–13.00 **Hádegisverður í Brautarholti** – Niðurgreiddur af Skeiða- og Gnúpverjahreppi. **Korngús** sér um að elda og framreiða af sinni alkunnu snilld. Fullorðnir kr. 1.000.-. Börn kr. 500.- yngri en 12 ára.
13.00–16.00 **Gaman, saman í Brautarholti**. Ókeypis leikir og leiktæki.
14.00–16.00 **Bændur bjóða heim** Reykir, Skeiðum.
16.00 Gönguferð að Búða með leiðsögn, lagt af stað frá Minna-Hofi. Létt ganga.
17.00 **HÁH (hátíð á hlöðunum)** Grill og fjör á bæjum og götum þorpanna. Hvar er mesta fjörið og flottasta skreytingin?
22.00 **Hljómveitin Slow Train** heldur tónleika í Hestakránni.

Instagram #uppisveit



Nesey ehf.



Sunnudagur 16. júní

Staður: Árnes, Þjórsárdalur, Skaftholtsréttir (og víðar - ratleikur)

- 10.00–11.30 **Morgunverður í Árnesi** - framreiddur af Kvenfélagi Gnúpverja. Eftirtaldir aðilar bjóða sveitungum í morgunverð:



Skeiða- og Gnúpverjahreppur
MS
Landstólpí
SS-Sláturfélag Suðurlands
SFG - Sölufélag garðyrkjemanna
Nesey
Selásbyggingar
Strá ehf.
Tré og straumur
Þrándarholt sf.

11.00–15.30

Skógurinn upp í sveit

- lifandi dagskrá í skóginum í Þjórsárdal
- ormabrauð, lummur, kaffi og kakó á eldi.
- leynileikur/fjárjóðsleit (hvað er í skóginum?).

13.00–17.00

Handverk og hátt upp í sveit - markaður í Árnesi.

14.00–16.00

Bændur bjóða heim Skaftholt, Gnúpverjahreppi.

16.00–17.00

Brokk og skokk í Skaftholtsréttum

22.00

Bjartmar Guðlaugsson heldur tónleika í Árnesi.



Mánudagur 17. júní

Staður: Brautarholt

Þjóðhátíðardagskrá 2019

- 14.00 Skrúðganga
Dagskrá í sundlaug og á íþróttavelli
15.30 Hátíðardagskrá í Brautarholti
-viðurkenningar
-tónlistatriði
-fjallkona
-hátíðarræða
-kaffiveitingar

Gleðilega þjóðhátíð



Bjartmar Guðlaugsson

Þarf eitthvað að kynna Bjartmar Guðlaugsson?

Hann semur þjóðhátíðarlagið í ár en þar fyrir utan á hann alveg ógrynni af smellum og góðum textum sem hafa einhvern veginn gengið vel inn í þjóðarsálina alla.

Hann kemur til okkar í Árnes, sunnudaginn 16. júní og heldur tónleika frá kl. 22.00.

Bíddu...

ætlaðu að missa af þessu?



Árnes sunnudaginn 16. júní kl. 22:00
Aðgangseyrir: kr. 2.000.-

Handverk og hám – verið með!

Allir þeir sem vilja koma og vera með sölubás eða sýnibás eru velkomnir.

Vilborg, umsjónarmaður markaðarins, vill gjarnan sjá sem mesta grósku og fjölbreytileika á markaðnum og hvetur því safnara til að koma og sýna safn sitt - hversu stórt og smátt sem það er.

Eru svo ekki einhverjir sem vilja selja antík eða bara gamla (og skrítna) muni?

Eru ekki einhverjir sem vilja kynna starfsemi sína, fyrirtæki stór og smá og eða einyrkjar sem vilja koma sér á framfæri?

Það væri líka sérlega gaman að fá teiknara og málara, leirlistafólk, vefara, þá sem spinna band, þá sem tálga úr tré eða renna, þá sem mála á steina, ljósmyndara - og alla hina

Sendið Vilborgu í Skarði ábendingar og eða pantið hjá henni borð; vilmarus@13gmail.com og eða í síma; 863-9689

TILBOÐ

Lítill ís í brauði: 295.-
Með dýfu: 360.-



Fínt upp í sveit

Hreinsunarátak frá 1.-17. júní

Snyrtimennska er stór þáttur í vellíðan íbúa og gesta sem ber að garði. Fegrin umhverfis er víða eitt af föstum liðum vorsins. Almennt er umhverfið hér í Skeiða- og Gnúpverjahreppi til sóma en alltaf má gera gott enn betra.

Íbúar, fyrirtæki, sumarbústaðaeigendur og aðrir, eru hvattir til að leggja áttakinn lið. Á þessu tímabili verður **engin gjaldtaka** fyrir sorp/úrgang á gámsvæðunum í Brautarholti og við Árnes.

Bjarni Jónsson, mun leiðbeina um hvernig skal flokka það sem farga þarf. Sími hjá Bjarna er 892-1250 og netfang bjarni@skeidgnup.is

Sumarlokun skrifstofunnar

Skrifstofa Skeiða- og Gnúpverjahrepps verður lokað frá 8.-29. júlí nk. vegna sumarleyfa.

Ef erindi eru brýn, er bent á Skafta Bjarnason oddvita í síma 895-8432 & oddviti@skeidgnup.is

Forstöðumaður gámasvæða og þjónustustöðvar er Bjarni Jónsson sími 892-1250 & bjarni@skeidgnup.is




SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

Taktu daginn frá,
15. júní 2019



Hvenær: Laugardag 15. júní kl. 10.
Hvar: Árnesi

Byrjum austan við félagsheimilið og endum hringinn hjá Neslaug.



Af hverju: Stöndum saman sem konur og göngum saman eða hlaupum. Verum fyrirmyndir stelpnanna og strákanna okkar og tökum þau með.

Vegalengdir: Vegalengdir eru 2 og 4 km sem hægt er að hlaupa eða ganga.

Skráning: Hafið samband við Selmu á facebook eða á netfangið

selmakaldalons@gmail.com, og tilgreinið stærðir á bolum. Einnig er hægt að kaupa boli á staðnum, takmarkað magn! Kosta kr. 2.000.- fyrir fullorðna og kr. 1.000.- fyrir börn (12 ára og yngri).

Kvennahlaupið verður hlaupið í þrítugasta sinn í ár. Þátttakendur fá aukapakka með verðlaunapeningum eftir hlaupið í tilefni af þrjátíu ára afmæli Kvennahlaupsins. Frítt verður í sund fyrir þátttakendur svo endilega hafið sundföt til taks.

Stærðir á bolum:

Bolur 4-6 ára
Bolur 8-10 ára
Bolur 10-12 ára
Bolur stærð XS
Bolur stærð S
Bolur stærð M
Bolur stærð L
Bolur stærð XL
Bolur stærð XXL
Bolur stærð XXXL



Tónlistar- og náttúruhátíðin Þjórsá-hátíð verður haldin á Flatholti við mynni Þjórsárdals, þann 22. júní n.k. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin, gegn fyrirhugaðri Hvamms-virkjun, og til þess að vekja athygli á þeirri stöðugu ógn sem náttúru og fallvötnum landsins stafar af virk-janaáformum.

Hátíðin í ár er haldin í samvinnu við Stelpur rokka! til að heiðra minningu Helgu Katrínar Tryggvadóttur frá Hlíð í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem lést á síðasta ári. Helga var ötul baráttukona gegn virkjunum í Þjórsá, ein upphafskona Þjórsá-hátíðar og meðal stofnenda Stelpna rokka!

Fram koma Teitur Magnússon og Æðisgengið, GDRN, Sóley, Gróa, Una Schram, Jóhanna Elísa, Hellidamba, Beebe and the Bluebirds, SiGRÚN, Andy Svarthol,

Gunnar Jónsson Collider.

Ávörp flytja Steinunn Gunnlaugsdóttir, Hjalti Hrafn Hafþórsson.

Gönguferðir, varningssala.

Þjórsá-hátíð er fjölskylduvæn hátíð. Öll velkomin.

Aðgangur ókeypis, hægt er að styrkja framtíð með frjálsum framlögum og kaupum á varningi tengdum hátíðinni.

Staðsetning: Flatholt í mynni Þjórsárdals. Hátíðin stendur frá kl 14. til kl. 22, laugardaginn 22.júní 2019.

Nánari upplýsingar og kort af staðnum: <https://www.facebook.com/events/659394207822673/>

Verndum Þjórsá!

Fjölskylduferð í Fossnes

Laugardaginn 22. júní er fjölskyldureiðtúr á vegum æskulyðsnefnda Smára og Loga. Við ætlum að hittast á hlaðinu í Fossnesi klukkan 11:30 þann 22. júní.

Farið verður um Fossnesland og geta þeir sem ekki vilja fara langt eða hratt yfir samt farið með og snúið við hvenær sem er. Annars reiknum við með 3-4 tíma reiðtúr og væri sniðugt að hafa með sér smá nesti í hnakk-töskunni.

Grillpartý: Að reiðtúr loknum ætlum við að bjóða upp á sameiginlegt grillpartý. Verða í boði grillsneiðar, sósar og meðlæti. Endilega látið okkur vita ef þið viljið koma í matinn. Nauðsynlegt er að vita fjöldan til að eiga nóg. Maturinn verður seldur á kostnaðarverði.

Gisting: Það er boðið upp á svefnpoka-pláss eins og staðurinn rúmar. Heitur pottur í garðinum. Gistingin kostar

kr. 5.000.- fyrir fullorðna og kr. 2.500.- fyrir börn.

Ef þið viljið kaupa morgunverð þá kostar það kr. 1.500 - á mann og þarf að láta Sigrúnu vita.

Hagagjald fyrir hross er kr. 450.-/nótt

Skráning hjá Sigrúnu í Fossnesi á netfangi: sigrunfossnes@gmail.com

Það er kjörið að koma riðandi til og frá Fossnesi og nota ferðina í skemmtilegt trimm fyrir hrossin og góða samveru með krökkunum. Fjölmennum og eigum góðan dag saman í fallegu umhverfi.

Vinsamlegast látið vita með skráningu bæði í reiðtúrinn og kvöldverð í síðasta lagi miðvikudaginn 19. júní á unnurlisa@vorsabaer.is eða 8637121

Bestu kveðjur,
Æskulyðsnefndirnar



Getraunanúmer
Ungmennafélags Skeiðamanna
Við styðjum UMF Skeið með þátttöku okkar!

799



Getraunanúmer
Ungmennafélags Gnúpverja
Við styðjum UMF 1903 með þátttöku okkar!

802



www.hruni.is
facebook.com/hrunaprestakall

Kæru sveitingar.

Framundan eru tvær guðsþjónustur þann 23. júní en þá verður útiguðsþjónusta við leiði Daða Halldórssonar í Steinsholti kl. 11 og svo er helgistund í Hrunakirkju kl. 20:30. Ég verð í sumarleyfi 3. júlí til 5. ágúst og mun starfandi prestur í Skálholti leysa mig af á meðan. Fyrstu messur eftir sumarleyfi eru síðan síðsumarsmessa í Tungu-fellskirkju sunnudaginn 11. ágúst kl. 14 og svo hestamannamessan sem í ár verður 18. ágúst kl. 14 í Hrepphóla-kirkju. Hópreið leggur af stað frá Hruna kl. 11 með viðkomu í Hlíð.

Að lokum vek ég athygli á lítillsháttar breytingum sem orðið hafa á skipan sóknarnefndafólks á nýafstöðnum aðalsafnaðarfundum. Hægt er að nálgast þær upplýsingar á heimasíðunni, hruni.is.

Með ósk um blessunarrikt sumar.
Óskar Hafsteinn Óskarsson sóknarprestur

Knattspyrnuæfingar í uppsveitum sumarið 2019

Boðið verður upp á knattspyrnuæfingar í Reykholti, Laugarvatni og Flúðum í sumar fyrir börn og unglinga í 1.-10. bekk. Fyrir sama gjald geta iðkendur á þessum stöðum æft 4 sinnum í viku. Gjaldið er 13.000 krónur fyrir sumarið.

Ungmennafélög Bisk, Laugdæla og Hrunamanna koma að samstarfinu og vonast til þess að sem flestir geti nýtt sér þetta starf og að sjálfsgöðu eru áhugasamir krakkar í nágrannasveitarfélögum hvattir til þess að taka þátt. Þjálfarar verða þeir Gústaf Sæland og Anthony Karl Flores. Gústaf sér um æfingarnar á Flúðum og í Reykholti en saman verða þeir með starfið á Laugarvatni.

Sumartímabilið byrjar 3. júní.

Hópnum er skipt eftir aldri. Yngri; 1.-4. bekkur (árgangar 2012-2009) og eldri; 5.-10. bekkur (árgangar 2008-2003). Athugið að elsta stig á leikskóla eða þeir sem eru að byrja í grunnskóla í haust er boðið að taka þátt á æfingum hjá yngri hópnum.

Æfingar verða sem hér segir:

Mánudagar: Reykholt

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Þriðjudagar: Flúðir

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Miðvikudagar: Laugarvatn

Yngri og eldri 13:00-14:30

Fimmtudagar: Flúðir (Með fyrirvara um breytingar vegna móta)

Yngri 13:00-14:30

Eldri 14:30-16:00

Vinsamlegast sendið
fyrirspurnir og skráningar á
netfangið:
umfh.fotbolti@gmail.com